



# DKG

INTERNATIONAL SOCIETY  
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

*Hautbréf  
2024*

*Félag kvenna í fræðslustörfum á  
Íslandi*

## Aðventan

Brátt nálgast sú helgasta hátíð í bæ  
með heilögu ljósunum björtum.  
Andi Guðs leggst yfir lönd yfir sæ  
og leitar að friði í hjörtum.

En nú virðist fegurðin flúin á braut  
friðurinn spennu er hlaðinn.  
Lífsgæðakapphlaup og  
kauphallarskraut  
er komið til okkar í staðinn.

Þó vill hann oft gleymast  
sem farveg oss fann fæddur í jötunnar  
beði.  
Við týnum úr hjartanu trúnni á hann  
og tilefni jólanna gleði.


Vökvaðu kærleikans viðkvæmu rós  
þá veitist þér andlegur styrkur.  
Kveiktu svo örlítið aðventuljós,  
þá eyðist þitt skammdegismyrkur.

Það ljós hefur tindrað aldir og ár  
yljað um dali og voga.  
Þó kertið sé lítið og kveikurinn smár  
mun kærleikur fylgja þeim loga.

Láttu svo kertið þitt lýsa um geim  
loga í sérhverjum glugga.  
Þá getur þú búið til bjartari heim  
og bægt frá þér vonleysisskugga

Hákon Aðalsteinsson 1997





## ***Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG góðrar aðventu og gleðilegra jóla***

Haustfréttabréf berst ykkur nú frá samskipta og útgáfunefnd. Það er alltaf jafn gaman að lesa yfir efni frá deildunum og fá þannig enn betur að fylgjast með starfinu. Við vonum að þið gefið ykkur tíma til að lesa og kynnst starfi annarra deilda með lestri fréttabréfsins. Við viljum líka minna ykkur á að taka frá dagana 10.-11. maí 2025, þegar haldið verður upp á 50 ára afmæli Delta Kappa Gamma á Íslandi. Lesa má nánar um það í pistli Árnýjar formanns.

Það er ósk okkar að þið fái notið aðventunnar, eigið gleðilega jólahátíð og að nýja árið verði ykkur heillaríkt og gott.

Guðrún Ásgeirsdóttir formaður  
Guðmunda Vala Jónasdóttir  
Sigríður Herdís Pálsdóttir





## Jólaminning

Það voru að kom jól og mamma var á fullu að þrifa, taka til, skreyta og baka smákökur og tertur. Við systkinin fórum ekki varhluta af því og höfðum okkar föstu verkefni að sjá um. Ég sá um að halda forstofunni snyrtilegri og litla klósettinu! Pabbi var ekki væntanlegur af sjónum fyrr en rétt fyrir jól, eins og oft áður, og þá var farið að kaupa jólatréð handa fjöskyldunni.

Mamma var mikið fyrir jólin og var búin að kenna okkur krökkunum vísur og kvæði tengd jólnum sem við sungum alltaf saman á þessum árstíma. Hún sagði okkur líka sögur af álfum og huldufólki og hvernig við ættum að koma fram við þau, sérstaklega á jólum.



*„Það á alltaf að skilja eftir matarbita og mjólk handa álfunum á jólanótt og láta ljós loga, til að blíðka álfana sem búa hér allt í kringum okkur, þeir eru vinir okkar“* sagði hún. Það var reyndar alveg rétt hjá henni því allt í kring þar sem við bjuggum var að finna stóra steina, sem við krakkarnir litum á sem húsakynni álfa og huldufólks.

Svo rann upp Þorláksmessudagur og jólatréð var skreytt af mestu list og englahár síðan lagt yfir tréð. Mamma elskaði englahár og við krakkarnir horfðum með lotningu á jólaljósin og jólaskrautið í gegnum silfraða kápu jólatrésins, með jólaspenning í maganum.

Þreytt og sæl skreið ég undir sængina mína að loknu aðfangadagskvöldi og sofnaði fljótt. Ég vaknaði hins vegar um nóttina og hafði þá áhyggjur af því að mamma hefði gleymt að skilja eftir mat handa álfunum. Rauk fram úr rúminu og fram á stigapallinn og ..... stóð þá ekki falleg álfamær þar í bláum geislandi kjól með hátt höfuðfat og brosti til mín! Ég tók andköf og hentist inn í herbergið mitt, upp í rúm og breiddi sængina upp yfir haus. Hjartað í mér barðist hratt í brjósti mínu og ég var logandi hrædd um að álfkonan kæmi inn til mín.

Það gerðist nú ekki, heldur sofnaði ég vært og um morguninn sagði ég mömmu frá þessari upplifun. Hún horfði lengi á mig og sagði *„jæja vina mín sástu álfkonuna, ertu til í að teikna hana fyrir mig?“* Sem ég og gerði.



Myndin af álfkonunni var lengi til innan fjölskyldunnar og gamla barnstrúin á álfa og huldufólk lifir enn innra með mér. Á ferðalögum um landið okkar horfi ég iðulega með aðdáun á ávala fallega steina og kletta. En þó ég beri ekki sérstaklega fram mat og drykk fyrir álfana á jólanótt, þá rifjast alltaf þessi gamla fallega jólaminning upp í huga mínum hver jól.

Njótum jólanna, með bestu jólakveðjum!

Helga Magnea Steinsson





## Frá forseta



Haustið hefur liðið hratt og ég þykist vita að samvera á deildarfundum hafi gefið ykkur mikið. Eins og margoft hefur komið fram er starfsemi deildanna það sem flestum okkar finnst skipta mestu máli í Delta Kappa Gamma. En svo er það samveran með okkar innlendu og erlendu systur sem einnig opnar hug og hjarta. Á næsta ári eru tveir viðburðir sem okkur gefst tækifæri á að sækja í þessu skyni og hvet ég ykkur til að taka þátt.

**Afmælisþing/ráðstefna í Salnum í Kópavogi** 10. - 11. maí. Fagnað verður 50 ára afmæli Delta Kappa Gamma á Íslandi og eru áherslur þingsins að vekja athygli á mikilvægi kvenna í fræðslustörfum og að efla konur til dáða á sviði fræðslumála. Á Grand hóteli verður hátíðarkvöldverður 10. maí og gisting í boði í eins og tveggja manna herbergjum. Auðvelt að taka strætisvagn frá hótelinu í Salinn. Menntamálanefnd vinnur nú að undirbúningi í samvinnu við stjórn og afmælisnefnd. Alþjóðaforseti DKG, Dr. Beverly Hall-Maughan, verður viðstödd þingið

og mun flytja þar erindi. Í byrjun næsta árs munu frekari upplýsingar og dagskrá liggja fyrir.



**Evrópuráðstefna í Brighton í Englandi** 18. – 20. júlí. Yfirskrift ráðstefnunnar er Well-Being of Educators. Bryndís Jóna Jónsdóttir í Gammadeild verður meðal fyrirlesara. Hægt verður að gista í eins manns herbergjum á heimavist háskóla þæ sem nóttin kostar u.þ.b. 70 pund eða á nærliggjandi hótélum. Í byrjun næsta árs munu frekari upplýsingar og dagskrá liggja fyrir.



Þá vil ég einnig nefna aðrar tillögur afmælisnefndar og stjórnar sem samþykktar voru á framkvæmdaráðsfundi 7. september s.l.

Að gefa út afmælisrit samtakanna á rafrænu formi. Ritnefnd hefur þegar tekið til starfa.



Að beina þeim tilmælum til deilda félagsins að gera eitthvað samfélagslegt í tilefni afmælisársins. Deildir geta sameinast um verkefni. Eins eru afmælisár hjá tveimur deildum og mætti samþætta viðburði því tengdu við þennan lið. Athygli er vakin á að tvær til fjórar deildir á ári geta sótt um styrk að upphæð 100.000.- til stjórnar landssambandsins til að halda ráðstefnur eða fundi í heimabyggð, sbr. opið málþing [Lykill að læsi](#) sem Epsilondeild hélt á síðasta starfsári. Einnig er hægt að sækja um styrki styrki til alþjóðasambandsins – <https://www.dkg.is/is/styrkir>

Að heiðra í það minnsta stofnfélaga samtakanna.

Að saminn verði afmælissöngur DKG. Leynist tónskáld/textahöfundur í félagskonum er tækifærið hér.

Að styrkja Menntasjóðs mæðrastyrksnefndar í tilefni afmælisins. Stjórn útfærir frekar.

Ég hlakka til næsta árs með ykkur sem verður spennandi og viðburðaríkt og óska ykkur alls hins besta í lífi og starfi. Ég hvet ykkur til að hafa samband við okkur í stjórninni ef þið hafið spurningar eða viljið koma einhverju á framfæri um starfsemi landssambandsins.

F.h. stjórnar  
Árný Elíasdóttir, forseti



# Alfa

Þegar Fréttabréf DKG kom út sl. vor hafði aðalfundur félagsins ekki farið fram.

Aðalfundur Alfadeildarinnar var haldinn í Veröld - Húsi Vigdísar þriðjudaginn 21. maí 2024. Tuttugu og tvær félagskonur sóttu fundinn. Fjóla María Lárusdóttir flutti okkur Orð til umhugsunar. Hún lagði út af mikilvægi virðingar með áherslu á mikilvægi þess að viðurkenna færni fólks úr fjölbreyttu samhengi og forðast þannig útilokun. Því næst hófust venjuleg aðalfundarstörf. Tillaga að nýrri stjórn var samþykkt en í henni eiga sæti, Málfríður Þórarinsdóttir formaður, Fjóla María Lárusdóttir varaformaður, Nanna Kristjana Traustadóttir ritari og Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir meðstjórnandi. Árný Inga Pálsdóttir tók að sér að vera gjaldkeri deildarinnar áfram. Á aðalfundinum minntist Hrund Logadóttir formaður látinna félagskvenna. Gyða Jóhannsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Fósturskólans, lést þann 24. júlí 2022 og Þóra Unnur Kristinsdóttir, lektor og síðar dósent við Kennaraháskóla Íslands, lést þann 29. apríl 2024. Þeirra er minnst með hlýju og virðingu. Eftir að formlegum aðalfundi lauk sátu félagskonur áfram og nutu léttar veitinga og samveru.



Ný stjórn kom saman strax í byrjun júní til að stilla saman strengi, ræða komandi deildarstarf og þær áherslur sem stjórnarkonur töldu mikilvægar í komandi samstarfi. Árið 2025 er afmælisár DKG- samtakanna á Íslandi og Alfadeildarinnar. Þann 7. nóvember 2025 eru liðin 50 ár frá stofnun Alfadeildarinnar og var þetta stjórnarkonum ofarlega í huga á fyrsta fundinum. Áherslur á komandi starfsári verða sem fyrr á fræðslu og þá með sýn til framtíðar í huga.

Fyrsti fundur haustsins 2024 var haldinn í Bandaríska sendiráðinu að Engjateigi 7. Tuttugu og þrjár félagskonur mættu á fundinn. Til hafði staðið að þessi heimsókn yrði á vormánuðum þessa árs en það frestaðist af ýmsum ástæðum.

Í sendiráðinu tóku á móti okkur Erin Sawyer, varamaður sendiherra, Joanie Simon, Political Officer, Rebecca Doffing, Arctic Watcher og Ásdís Hreinsdóttir sem hafði skipulagt heimsóknina. Auk þeirra sátu tvær konur frá Bandaríkjunum fundinn sem gestir. Alfakonum var fylgt inn í



aðalbygginguna og boðið til sætis í móttökusal sendiherrans. Sendiráðið bauð fundarkonum upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Erin Sawyer bað fyrir afar góða kveðju frá sendiherra Bandaríkjanna, Carrin Patman, sem því miður gat ekki tekið á móti okkur vegna annarra verkefna á landsbyggðinni. Carrin óskaði eftir því að það kæmi fram við Alfakonur að móðir hennar hefði sjálf verið félagi í Delta Kappa Gamma í Texas og því þætti henni afar vænt um heimsóknina frá okkur. Erin, Joanie og Rebecca héldu áhugaverða kynningu um störf þeirra í ráðuneytinu. Sagt var frá vörumerkjum sem Bandaríkjamenn flytja inn á íslenskan markað svo og íslenskum vörumerkjum sem flutt eru til Bandaríkjanna. Rebecca tjáði okkur að starfsheitið Arctic Watch væri eina slíka embættið í sendiráði Bandaríkjanna í heiminum eins og stendur. Þær ræddu einnig mikilvægi Íslands sem samráðsvettvangs hagaðila um norðurslóðir. Eftir góðar kynningar og margar spurningar voru Alfakonur leystar út með gjöf frá sendiherra Bandaríkjanna. Um var að ræða kryddblöndu frá heimahögum Carrin Patman í Texas. Formaður afhenti fulltrúum sendiráðsins rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag.



Annar fundur haustsins 2024 var haldinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Fjórtán félagskonur mættu á fundinn. Þar tóku á móti okkur Íris Lilja Ragnarsdóttir námstjóri tungumála og Geir Finnsson enskukennari við skólann og buðu okkur til sætis í kennslustofu nr. 11 í MH. Í upphafi fundar fór Erna Jessen með Orð til umhugsunar og ræddi þar stöðu tungumálakennslu með sérstakri áherslu á dönskukennslu í menntakerfinu. Hún ræddi af miklu öryggi og þekkingu mikilvægi tungumálakennslu og afleidd áhrif þess að skerða möguleika ungmenna á námi á því sviði. Eftir góð og umhugsunarverð orð Ernu var Alfakonum boðið kaffi og lagkaka í boði MH. Geir Finnssyni enskukennara var í kjölfarið gefið orðið. Geir er ungur



framhaldsskólakennari með sérhæfingu í enskukennslu. Hann hefur upplifað frá fyrstu dögum í kennslu innreið gervigreindar í samfélag okkar allra og ekki síst í kennsluumhverfi í framhaldsskólum og hefur í félagi með kollegum haft frumkvæmi að málstofum og kynningum um notkun gervigreindar í skólastarfi um árabíl. Geir fræddi Alfakonur um skilgreiningu gervigreindar, tók dæmi um hvað gervigreindin getur gert, hvaða forrit eru helst notuð og hvernig megi nýta gervigreindina í kennslustofunni með nemendum. Hann lagði ríka áherslu á að vinna verður að notkun gervigreindar í samráði við nemendur hverju sinni. Ýmislegt fleira kom fram í erindi Geirs sem var sett fram á fræðandi og skemmtilegan hátt og Alfakonur báru upp fjölda spurninga um notkun gervigreindar.

Að kynningu lokinni þakkaði Málfríður Írisi og Geir fyrir afar góðar móttökur. Íris skilaði góðri kveðju frá Steini Jóhannssyni rektor til Alfakvenna, en hann var kallaður til starfa í samninganefnd vegna kjarasamninga kennara og gat því ekki tekið á mótí hópnum eins og til stóð. Formaður afhenti Írisi, Geir og Ernu rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag. Sagt var frá heimsókn Alfadeildarinnar í MH á heimasíðu skólans.



Næsti fundur Alfadeildarinnar verður haldinn þann 30. nóvember n.k. og er það jafnframt jólafundur deildarinnar. Fundurinn verður haldinn í Búbbulusalnum Finnson Bistro í Kringlunni.

Með þessum orðum sendum við Alfakonur öllum DKG- systurum kærar kveðjur með ósk um gleðilega aðventu og hátíð ljóss og friðar.

Málfríður Þórarinsdóttir, formaður



## Beta

Vetrarstarf Betadeildar hófst með „haustferð“ föstudaginn 13. september, en það er orðin ákveðin hefð í deildinni að hefja vetrarstarfið með þeim hætti. Að þessu sinni varð fyrir valinu að fara hring fram Eyjafjörð og skoða sögu og menningu okkar nánasta umhverfis. Bragi Guðmundsson prófessor við HA (og eiginmaður Ragnheiðar í Betadeild) tók að sér að vera leiðsögumaður í ferðinni. Fáir eru betur að sér um sögu, menningu og atvinnuhætti á þessu svæði en Bragi.

Lagt var af stað með rútu í afar fögru



haustveðri sem leið lá fram í fjörð að vestan. Ekið var í gegnum húsabyrpinguna að Kristnesi en þar stendur Kristnesspítali sem áður var berklahæli, reist 1927. Fallegt hús sem geymir mikla sögu. Ekið var framhjá Grund, því mikla höfuðbóli, en fyrsta stoppið okkar var í Dyngjan listhús þar sem listakonan Guðrún Hadda Bjarnadóttir rekur vinnustofu og sölugallerí við heimili sitt, Fífilbrekku í Eyjafjarðarsveit. Hadda tók vel á móti okkur og kynnti okkur starfsemina en í viðbót við vefnað og annað handverk

stundar Hadda býflugnabúskap á jörð sinni og selur gestum og gangandi hunang.

Of langt mál yrði að gera öllum þeim fróðleik skil sem Bragi lét okkur í té jafnóðum og ferðinni vatt fram, en næsta stopp var við Saurbæjarkirkju. Saurbæjarkirkja var reist árið 1858 og er stærst þeirra torfkirkna sem enn eru til á Íslandi og er hún í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Bragi gerði sögu og byggingu þessarar kirkju góð skil. Einnig sagði hann okkur frá hörmulegum atburði er átti sér stað að Sandhólum, bæ rétt sunnan við



Saurbæ, en á annan í hvítasunnu árið 1954 kviknaði í íbúðarhúsinu þar og þrjár ungar stúlkur, 4, 11 og 13 ára gamlar brunnu inni en móðir þeirra og amma brenndust illa (sjá <https://timarit.is/page/1020914#page/0/mode/2up> ).

Á þessum stað stendur líka húsið Sólgarður sem áður hýsti barnaskóla sveitarinnar sem og félagsheimili en nú er þar Smámunasafn Sverris Hermannssonar til húsa. Við skoðuðum ekki safnið að þessu sinni en kíktum hinsvegar á kúna Eddu sem stendur þarna á háum hól og er tveggja tonna listaverk, ætlað að vera



nokkurs konar tákni sveitarinnar. Á kirkjuveggnum við Saurbæjarkirkju voru svo nestistöskur Betastjórnar opnaðar og léttum veitingum gerð góð skil.

Að loknu þessu nestisstoppi var ferðinni haldið áfram inn fyrir Hólavátn og snúið þar við og keyrt út með firðinum að austan. Síðasta stoppið í þessari ferð var veitingahúsið Lamb Inn þar sem við þáðum góðar veitingar áður en haldið var heim eftir góðan dag.



Októberfundurinn, og okkar fyrsti formlegi fundur þetta haustið, var haldinn í Hlíðarskóla sem staðsettur er við Sigluvík hér í Eyjafirði. Hlíðarskóli er innan grunnskólakerfis Akureyrar og

er, eins og segir á heimasíðu hans: „... fyrir nemendur með verulegan hegðunar- og aðlögunarvanda, félags- og tilfinningaleg vandamál og fjölskyldur þeirra. Hann er tímabundið úrræði sem tekur við þegar reynt hefur verið til þrautar að mæta þörfum nemandans í heimaskóla“.

Kristín Snæland, ein okkar Betakvenna, kennir við þennan skóla og tók á móti okkur. Að loknum hefðbundnum fundarstörfum eins og lestur fundargerðar, Orði til umhugsunar og svo framvegis tók Ólöf Ása Benediktsdóttir við.

Ólöf Ása sem er ein af nýjustu meðlimum Betadeildar er nýráðin skólastýra Hrafnagilsskóla við Eyjafjörð. Hún sagði okkur frá meistaraverkefni sínu sem hún lauk við síðastliðið vor. Verkefnið fékk heitið: „*Maður þarf að gera eitthvað, það er alveg ljóst...*“ : *reynsla grunn- og framhaldsskólastjóra af vinnutengdri streitu kennara.*

Niðurstöður rannsókna sýna að grunn- og framhaldsskólakennarar upplifa vinnutengda streitu sem getur haft neikvæðar afleiðingar í för með sér bæði fyrir viðkomandi einstakling og þá stofnun sem hann starfar við. Eins og nafnið á rannsókn Ólafar Ásu gefur til kynna, var markmið hennar að varpa ljósi á reynslu og viðhorf íslenskra grunn- og framhaldsskólastjóra af vinnutengdri streitu kennara, birtingarmynd streitunnar og streituvalda í störfum þeirra. Það var jafnframt markmið rannsóknarinnar að draga fram þá verndandi þætti sem vinna gegn streituvöldum og skoða hvað getur skapað jafnvægi á milli



streituvalda og verndandi þátta til hagsbóta fyrir kennara, nemendur, skólastjóra og skólasamfélög. Meginniðurstaða rannsóknar hennar var að viðmælendum þótti málefnið mikilvægt og að grípa þurfi til aðgerða til að sporna gegn vinnutengdri streitu kennara.



Segja má að þetta hafi verið viðeigandi umfjöllunarefni í ljósi þess að Betadeild hefur ákveðið að þema vetrarins verði: „*Heilsa og vellíðan – hlúum að okkur*“. Heilsa og vellíðan, sem er vítt hugtak, er eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þarna ætlum við að setja áhersluna svolítið á okkur sjálfar og styrkja okkur þannig að við eigum auðveldara með að vera til staðar og styrkja aðra. Að lokum voru bornar fram glæsilegar veitingar að hætti Betakvenna og voru þeim gerð góð skil. Áður en haldið var heim sýndi Kristín okkur skólann og sagði okkur eilítið frá starfi hans. Notaleg samvera eins og alltaf.

Þessa dagana erum við svo að skipuleggja jólafundinn sem verður sameiginlegur með Mý- og Nýdeild þann 28. nóvember. Boðið verður upp á jólalegar veitingar og jólalega

dagskrá og erum við farnar að hlakka til þeirrar samveru.

Að endingu óskum við Betakonur ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs og vonandi sjáumst við sem flestar á afmælispingi í vor.

Eygló Björnsdóttir formaður  
Betadeildar.





## Gamma

Fyrsti haustfundur Gamma deildar var haldinn í Núvitundarsetrinu 19. september. Eftir hefðbundna setningu fundarins var Helga G. Halldórsdóttir með orð til umhugsunar en hún talaði út frá yfirskrift vetrarins sem er *Farsæld í lífi og starfi*. Helga nefndi meðal annars að Jónas Hallgrímsson hafi komið fram með orðið farsæld eins og t.d. birtist í ljósi hans: *Ísland farsældar frón*. Þá sagði hún skemmtilega frá æsku sinni í Kópavogi og gaf okkur innsýn í starfsvettvang sinn. Helga hefur lengi starfað með DKG og er ein stofnenda Epsilon deildar á Suðulandi en er nú félagi í Gamma deild þar sem hún er flutt á höfuðborgarsvæðið.

Bryndís Jóna segir frá framkvæmdaráðsfundi DKG sem var 7. september en afmælisár DKG er framundan og Gamma konur hvattar til að rækta tengslin og sækja bæði afmælisping í maí og alþjóðaráðstefnu samtakanna í Brighton í júlí næstkomandi.

Eins og áður segir er yfirskrift vetrardagskrár Gamma deildar *Farsæld í lífi og starfi* með áherslu á að kynnst innbyrðis og huga að okkur faglega og persónulega. Við ræddum því hvernig við gætum sem best hlúð að tengslum innan deildarinnar og upp kom sú hugmynd að í stað þess að vera með orð til umhugsunar þá myndu félagskonur skiptast á að vera

með örkynningu um sig. Það varð úr að í upphafi funda fáum við þrjár til fjórar konur til að vera með 2-3 mínútna kynningu þar sem hver fær frjálsar hendur með nálgun en markmiðið er að kynnst betur og efla tengslin. Nú hafa tveir fundir byrjað með þessum hætti og hefur þessi nýjung fengið góðan hljómgrunn hjá Gammasysturum. Þá var rætt um að verða við beiðni landsnefndar og standa að samfélagsverkefni á afmælisárinu og jafnvel í samráði við aðra deild. Vel var tekið í það af Gammasysturum og verður rætt í upphafi nýs árs hvernig best verður að haga þeirri framkvæmd.

Dagskrá haustsins var svo kynnt og fundargestir beðnir um að svara stuttri könnun um ýmis framkvæmdaratriði svo sem fyrirkomulag veitinga og fundartíma.

Eftir að Gammasystur höfðu gætt sér á veitingum kynnti Bryndís Jóna starfsemi Núvitundarsetursins en hún er einn af stofnendum og eigendum þess. Hún kynnti sérstaklega samstarf og verkefni er snúa að skólastarfi og rannsóknir á sviði núvitundar og samkenndar. Þá sagði hún frá doktorsnámi sínu sem byggir á rannsókn á innleiðingu núvitundar í grunnskóla og snýr að því að skoða áhrif núvitundarþjálfunar á velfarnað kennara í starfi.



Ingibjörg Einarsdóttir stýrði svo talkór í lokin af sinni alkunnu snilld. Mikið og gott hópefli að syngja og tala saman.



Ingibjörg Einarsdóttir að stýra talkór á fyrsta fundi haustsins

Annar fundur haustsins var 10. október en þá hittumst við í Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS). Fjórar Gammasystur voru með örkynningu, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir og Margrét Jónsdóttir. Það var mjög áhugavert og gaman að fá innsýn inn í þeirra lífsögu og víst að örkynningar sem þessar styrkja böndin innan hópsins.

Aðalerindi fundarins hélt Bergdís Wilson sem er leiðtogi hjá MMS og leiðir þar innleiðingu á verkefninu Nurture, sem fengið hefur íslenska heitið Heillaspor. Um er að ræða tengsla og áfallamiðaða nálgun sem ætlað er að styðja við þroska, nám og farsæld barna í inngildandi skóla- og frístundastarfi. Nú þegar hafa nokkrir tilraunaskólar hafið innleiðingu verkefnisins og verður áhugavert að fylgast með þróun þess á næstu árum og gæti það svo sannarlega orðið heillaspor fyrir íslenskt menntakerfi ef

vel tekst til. Að loknu erindinu gafst fundargestum kostur á að skoða húsakynni hinnar nýju stofnunar.



Bergdís Wilson leiðtogi Heillaspora tók á móti Gammasysturum í Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Þann 13. nóvember var þriðji fundur Gamma deildar en þá hittumst við á bókasafni Borgarholtsskóla. Eftir að kveikt hafði verið á kertum minntumst við Pálínu okkar Jónsdóttur sem lést 7. október síðastliðinn með mínútu þögn. Pálína fagnaði 100 ára afmæli sínu 28. júlí en hún var fyrsti formaður Gammadeildar 1977 til 1978 og tvívegis forseti landsambandsins. Hún var alla tíð mjög virk í starfi deildarinnar sem og innan DKG, bæði innanlands og utan. Við Gammasystur kveðjum einstaka konu sem ávallt var jákvæð, hlý og hvetjandi.

Við fengum góðan gest frá Zetadeild á Austurlandi en Jórunn Sigurbjörnsdóttir kom í heimsókn til okkar og var mjög gaman að fá tækifæri til að efla tengslin. Þrjár Gammasystur fluttu örkynningar að þessu sinni, Ása Valgerður Sigurðardóttir, Bjarndís Fjóla Jónsdóttir og Ragný Þóra Guðjohnsen.



Létt og skemmtilegt yfirbragð var á þeirra kynningu og ýmis tengsl komu í ljós við aðrar konur í hópnum.

Að loknu kaffihléi var séra Petrína Mjöll Jóhannesdóttir með erindi um systurnar gleði og sorg, mennskuna og sitthvað fleira áhugavert. Séra Petrína minnti okkur á hve sorgin getur verið ljúfsár, því þegar við finnum fyrir sorg þá þýðir það að við höfum misst einhvern sem við fengum tækifæri til að elska. Þá fjallaði hún um gildi þess að gleðjast og gera þakklæti að vana ásamt ýmsum öðrum góðum ráðum um hvernig við getum stuðlað að farsæld í eigin lífi í bland við falleg ljóð, orðatiltæki og tilvitnanir í minningagreinar. Erindi séra Petrínu Mjallar bar með sér einstakan blæ kærleikans og mennskunnar, blanda þess að ígrunda og hlæja saman.

Að loknu erindinu gafst Gammasystur tækifæri til að glugga í og kaupa nokkrar af bókum séra Petrínu sem meðal annars fjalla um systurnar gleði og sorg. Ég leyfi mér að fullyrða að það voru glaðar Gammasystur með hjartað fullt af hlýju sem hurfu út í náttmyrkrið þetta kvöld.



Pálínu Jónsdóttur Gammasystur var minnst en hún féll frá 7. október. Hér er hún í pontu á vofundi okkar og 100 ára afmæli hennar var fagnað



Petrína Mjöll flutti okkur erindi um systurnar gleði og sorg





Gamma systur á bókasafni  
Borgarholtsskóla

Næsti fundur er svo jólafundurinn 4.  
desember þar sem við fáum að venju  
rithöfund í heimsókn, höfum okkar  
Pálínuboð þar sem borðin svigna  
undan kræsingum og við klæðumst  
einhverju rauðu.

Með kærri Gammakveðju til allra DKG  
systra með góðum óskum um grósku  
og gleði á komandi misserum,

Bryndís Jóna Jónsdóttir, formaður  
Gamma deildar



## Delta

Starfssvæði Deltadeildar er Vesturland. Félagskonur eru búsettar á Akranesi og í Borgarbyggð. Einnig eru nokkrar konur fluttar á höfuðborgarsvæðið og sækja fundi hjá Deltadeild.

Starfsemi Deltadeildar hófst með stjórnarfundum í lok ágúst. Á fundinn mætti einnig vefstjóri deildarinnar. Lögð voru drög að skipulagi funda í vetur. Á haustönn er gert ráð fyrir tveim fundum.

Höfum haldið einn fund í haust og var fyrsti fundur Deltadeildar haldinn í Brákarhlíð í Borgarnesi miðvikudaginn 2. október 2024. Fundurinn hófst kl. 17:30, Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Deltakona tók á móti okkur og sagði frá starfsemi hjúkrunar- og dvalarheimilisins Brákarhlíðar. Það var sett á stofn 1971. Stjórn heimilisins er skipuð 6 fulltrúum frá sveitarfélögunum og sambandi borgfiskra kvenna. Í Brákarhlíð er áherslan á að þar sé heimili. Samanstendur Brákarhlíðarþjófshjólkyldan af heimilisfólki, starfsfólki og aðstandendum. Mikið er lagt uppúr því að fólkinu líði vel í heimilislegu umhverfi. Daglegt starf er fjölbreytt og margt gert til dægrastýttingar og skemmtunar. Starfsfólkið er stór hópur og mikil þekking og mannauður þar sem skilar sér í góðu starfi. Lögð er áhersla á endurmenntun og fræðslu hópsins. Á heimilinu starfa auk annarra starfsmanna iðjupjálfi, sjúkraþjálfari og læknir í hlutastarfi. Inga Dóra sagði

þjónustupörf sífellt í þróun og nú er þörf fyrir fleiri pláss fyrir þjónustu við heilabílaða og fyrir hvíldarinnlagnir. Inga Dóra gekk síðan með hópnum um heimilið og sýndi húsakynni og aðstöðu. Ingu Dóru var færð rós í þakklætisskyni fyrir kynninguna og einnig fékk ný stjórn rósin.



Inga Dóra



Ný stjórn Deltadeildar



Eftir semveruna á Brákarhlíð færðu fundarkonur sig yfir á Hótel Vesturland þar sem var borðað. Þar flutti Halldóra Jónsdóttir Orð til umhugsunar. Hún ræddi um haustið og þær breytingar sem fylgja í náttúrunni og þó gróðurinn fölni þá sé haust líka uppskerutími og nýtt upphaf. Hún ræddi mikilvægi þess að hafa áhugamál, gera það sem manni finnst skemmtilegt. Halldóra sagði síðan frá skemmtilegu verkefni sem hún kom á laggirnar og fékk aðra til liðs við sig. Verkefnið kallast Kellingarnar. Það byrjaði þannig að 2015 voru auglýstir styrkir til verkefna til að minnast 100 ára kosningaréttar kvenna. Halldóra sótti um og fékk styrk og var þetta því fyrsta verkefnið. Áhersla er á fræðslu, miðlun, samveru og útiveru sem er gjarnan í formi göngu. Þetta verkefni hefur síðan orðið að árlegri hefð sem oft er tengd öðrum menningarviðburðum á Akranesi. Meðal þess efnis sem Kellingarnar hafa tekið fyrir er rithöfundar á Akranesi, útgerð, Bragi Þórðarson og saga Garða. Yfirleitt er farið með stytta útgáfu efnisins á Höfða og þá er yfirleitt tónlistarmaður með og sungið með heimilisfólki.

Ræddum um mögulegt samstarf við Zontaklúbb Borgarfjarðar-Uglu. Stefnum á sameiginlegan fund 8. mars 2025 þar sem verður dansað og safnað fyrir Menntasjóð Mæðrastyrksnefndar. Einnig stefnum við á sameiginlegan fund á vordögum 2025 með Epsilondeild. Þá var rætt um möguleg tengsl við nýjar deildir fyrir norðan og fjölgun í deildinni.



Halldóra



Stefnt er á fund í byrjun desember með jólastemmningu, fræðslu og jólatónlist.

Theodóra Þorsteinsdóttir  
formaður Deltadeildar



## Epsilon

”Tíminn líður hratt á gervihnattaöld, hraðar sérhver dag, hraðar sérhvert kvöld.” En þrátt fyrir hraða nútímans er mikilvægt að huga að því sem nærir okkur og það á svo sannarlega við deildarfundina okkar Epsilonsystur. Það er gott að koma saman eftir ævintýri sumarsins og stilla saman strengi okkar inn í haustið og veturinn framundan.



### Nýkjörin stjórn fyrir 2024-2026

Nú stjórn tók til starfa í haust en Margrét Guðmundsdóttir var kosinn formaður á aðalfundi í vor, hún gengdi stöðu varaformanns áður. Eydís Katla Guðmundsdóttir situr einnig áfram í stjórn en sagði frá sér gjaldkerahlutverki og er nú meðstjórnandi. Nýjar systur í stjórn eru þær G. Ásgerður Eiríksdóttir sem tók við stöðu ritara, Guðlaug Jónsdóttir tók við stöðu varaformanns og Harpa Björnsdóttir tók við stöðu gjaldkera. Sigríður Guðnadóttir er áfram vefritarinn okkar.

### Skipulag funda

Epsilondeild heldur fundi sína víðsvegar um Suðurlandið. Áhersla er lögð á að fá konur á fundarsvæði til að taka þátt í undirbúningi með því t.d. að finna fundarstaði í einhverjum tilfellum, sjá um dagskrárliðinn „Orð til umhugsunar“, finna fundarefni, ákveða og panta veitingar, skipuleggja skoðunarferðir og fleira. Stjórn Epsilondeildar setur niður fundardaga, sendir 4-6 systur hóp nánari fyrirmæli og tilgreinir eina sem ábyrgðarkonu hópsins. Ef systur í undirbúningshópnum sjá sér ekki fært um að komast á fund geta þær lagt sitt af mörkum við undirbúning hans. Með þessu móti eru allar félagskonur virkjaðar í undirbúningi funda. Mikilvægt er að aðrar systur svari fundarboði sem fyrst, af virðingu við þær sem eru að sjá um fundina upp á skipulag að gera. Við viljum að systur upplifi sig mikilvægar í hópnum og okkur er umhugað um þær allar. Einkunnarorð okkar eru vinátta, trúmennska og hjálpssemi. Við viljum hver annarri vel, viljum styðja hverja aðra og virðum trúnað okkar á milli. Ekki er krafist að systur mæti á fundi en farsælt er að halda sambandi við þær sem missa af fundum og slíkt sýnir einnig að okkur er umhugað um hver aðra.



okkar sem er vel þess virði að nýta og miðla. Þær hugmyndir sem komu fram í hópavinnunni voru meðal annars hómur og gleði, þakklæti, hlúa vel hver að annarri. Gæta að stuðningsnetinu, einblína á kærleikann jákvæðni og móttöku flóttabarna.



#### *Fundur á bókasafni*

#### *Fyrsti fundur í Skálholti*

Fyrsti fundur Epsilondeildar var haldinn í Skálholti þriðjudaginn 1. október 2024 en það voru Bolette, Ásborg, Sigríður Guttormsd., Elinborg og Björg sem voru í undirbúningsnefnd fyrir fundinn og fengu þær rauðar rósir í þakklætiskyni. Ásborg flutti okkur "Orð til umhugsunar" og lagði erindi sitt út frá degi náttúrunnar sem haldinn er 16. september ár hvert. Margrét formaður fór yfir starfið framundan og bað síðan systur að ræða saman 4-5 í hóp um það sem við myndum vilja fræðast um eða kynna okkur í vetur og koma með hugmyndir t.d. af fyrirlesurum. Hún minnti á þá miklu þekkingu í hópnum

Annar fundur Epsilondeildar var haldinn í Lesstofu Bókasafns Árborgar á Selfossi laugardaginn 26. október 2024 en stjórnin sá um skipulagningu fundarins. Upphaflega ætlaði stjórnin að skipuleggja ferð en henni var frestað þar til í vor. Eydís Katla flutti okkur "Orð til umhugsunar" og talaði út frá vináttu og ræddi um hvaða breytingum vinátta getur tekið og hve ólíkt hún birtist eftir aldursskeiðum, aðstæðum og tímabilum. Hún vitnaði í ýmis rit um vináttu en eitt einkunnarorða Epsilonsystra er vinátta eins og Eydís Katla kom inn á. Margrét formaður fór yfir fréttir af starfi, bað systur um að taka frá helgina 10.-11. maí fyrir Afmælisþing DKG ásamt því sem hún fór yfir styrki félagasamtakanna. Ákveðið var að



halda málþing að ári og umræður spunnust um efni sem hægt væri að fjalla um á því málþingi. Margrét Blöndal deildarstjóri menningar- og upplýsingasviðs Árborgar kom og sagði okkur frá fjölbreyttri starfsemi bókasafnsins. Meðal annars sagði hún frá verkefni sem fór af stað með það að markmiði að eignast barnabækur á öllum þeim 42 tungumálum sem töluð eru í Árborg. Starfsfólk bókasafnsins tekur eftir því að tvítyngdum börnum þykir mikið til þess koma að sjá fánann sinn meðal hinna á safninu. Þá sagði hún frá verkefninu „Komdu að tala íslensku“ sem reynist vel en það miðar að því að fólk af erlendum uppruna geti hist í bókasafninu og æft sig að tala saman á íslensku. Þá er verkefni í burðarliðnum „Gefum íslensku sjens“ fyrir fólk af erlendum uppruna í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og bókasafnið. Framundan er svo verkefnið „Burtu með fordóma“ í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Suðurlands sem felur í sér hugmyndavinnu gegn fordómum með nemendum leik- og grunnskóla og lýkur með tónleikum í lok maí á næsta ári.

Þegar þetta er ritað er þriðji fundur Epsilondeildar í undirbúningi en það eru Aneta, Ásgerður, Jóhanna, Margrét Steinunn og Rósa Marta sem eru nú að undirbúa fund með jólalegu ívafi. Fundurinn verður haldinn í Rauða Húsinu á Eyrarbakka miðvikudagskvöldið 27. nóvember og við hlökkum til nærandi samveru systra.

Epsilonsystur vilja nota tækifærið og senda öllum DKG systur nær og fjær hátíðarkveðjur og farsæld á nýju ári.

Bestu jólakveðjur  
Margrét Guðmundsdóttir  
Formaður Epsilondeildar





## Zeta

Fyrsti fundur haustins var haldinn í Neskaupstað í október. Nýr formaður sem tók við störfum núna í haust Ólafía Þ. Stefánsdóttir bauð systur velkomnar á fund og var vel mætt. Ólafía sagði frá landssambandsfundinum sem hún fór á sem haldinn var í Reykjavík.

Við hittumst í Beituskúrnum sem er nýlega uppgerður gamall beituskúr. Staðarhaldarinn Anna Bella Sigurðardóttir fór yfir sögu skúrsins og þær framkvæmdir sem gerðar hafa verið. Í Beituskúrnum er rekinn veitingastaður og kaffihús. Nemendur í smíðadeild í Verkmenntaskólanum smíðuðu tengibyggingu milli tveggja beituskúra og er þar nú eldhús. Virkilega vel heppnaðar endurgerðir gamalla húsa sem hafa mikla sögu.

Á fundinum var Björg Þorvaldsdóttir með orð til umhugsunar. Henni varð hugsað til orðanna að tilheyra einhverjum eða einhverju. Minntist hún í orðum sínum á að í lífi okkar tilheyrum við mörgum hópum s.s Delta Kappa Gamma og hversu mikilvægt það væri að tilheyra hópum. Margir eiga það sameiginlegt að finna til einmannaleika þegar þeim finnast þeir ekki tilheyra neinum hópum. Talaði hún um t.d að vistmenn hjúkrunarheimila finnist þeir oft finna fyrir einmannaleika og depurð. Björg vitnaði í ritgerð í Hagnýtri menningarmiðlun Að tilheyra, hvar er staðurinn minn eftir Margréti Birnu Kolbrúnardóttur.

Nokkrar umræður urðu eftir orð Bjargar, nefnt var að kannanir sýndu að ungt fólk og eldra fólk tali meira um einmannaleika.



Inntaka nýrra félaga var næst á dagskrá. Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri Múlapings var tekin inn. Inntakan fór fram eftir leiðbeiningum um inntöku nýrra félaga. Athöfnin var falleg og dýrmætt að fá inn góðan liðsfélaga í Sigurbjörgu Hvönn og bjóðum við hana hjartanlega velkomna í hópinn okkar.

Næsti fundur okkar er svo í nóvember/desember eftir því hvernig færðin er. En oft er færð og veður að gera okkur skráveifur til fundarsóknar.

Zeta deildin óskar landssambandinu og öðrum deildum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.


Ólafía Þ. Stefánsdóttir



## Eta

Þegar Vorfréttabréf Eta deildar kom út sl. vor hafði aðalfundur deildarinnar ekki farið fram en hann var haldinn 15.5.2024 og fór fram í Kaffi Flóru í Grasagarðinum. Á fundinum var kynnt fjárhagsyfirlit Eta deildar og samþykkt að endurskoðaðir reikningar deildarinnar fyrir tímabilið 1.7.2022 til 30.4.2024 yrðu lagðir fram til afgreiðslu á fyrsta almenna félagsfundi í haust. Það var síðan gert 2. október. Á fundinum var stjórnin endurkjörin.

Fulltrúaráðsfundur var haldinn 7.september í HR og sóttu Ólöf Helga Þór formaður og Sigríður Heiða Bragadóttir varaformaður Eta og formaður félaga og útbreiðslu nefndar landfélagsins fundinn. Formenn deilda hafa sameiginlegan vettvang á netinu. Efni fundarins nýttist vel fyrir störf stjórnarinnar í vetur en unnið er að því að skilgreina samfélagsverkefni Eta deildar.



Haustönnin hófst síðan miðvikudaginn 2. október 2024 í húsnæði Góða hirðisins. Freyr Eyjólfsson verkefnastjóri Fræðslu og kynninga hjá Sorpu bauð okkur húsnæði þar en hann var með erindi kvöldsins.

Ólöf Helga Þór var með Orð til umhugsunar og ræddi um hvað það væri gott að njóta náttúrunnar í rýsjóttu veðri og fór síðan með eftirfarandi vísu:

Ég skal gefa þér berin blá.

Ef þú vísar mér á.

Hvar ég vera á.

Í vor og sumar.

Í vetur og í haust.


Í framhaldi af vísunni talaði hún um hvað fuglar og söngur þeirra hefðu glatt hana hér í borginni og úti á landi og sagði að í bókinni Fuglar eftir spéfuglana Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring væru mjög skemmtilegar myndir og frásagnir.

Síðan flutti Freyr mjög áhugavert erindi um Hringrásarhagkerfið sem er hagkerfi þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi með áherslum sem tryggja að hægt sé að viðhalda verðmætum auðlinda eins lengi og mögulegt er. Markmiðið er að lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmyndun. Helstu aðgerðir sem tryggja að auðlindum sé haldið í hagkerfinu eru að deila, gera við, endurnota, endurframleiða og



endurvinnu. Þá fjallaði hann um hvað fælist í þessum aðgerðum. Fundarmenn voru mjög áhugasamir og spunnust líflegar umræður um loftlagsmál.

Meðan á umræðunum stóð var boðið upp á gómsætt brauðmeti og sætmeti sem fundarkonur reiddu fram.



Annar fundur haustannar var haldinn í Hannesarholti í október. Ólöf Helga Þór setti fundinn og stjórnaði Anna Magnea Hreinsdóttir honum. Gestir fundarins voru: Ingvar Sigurgeirsson, Nanna Kristín Christiansen og Hanna Rún Eiríksdóttir.



Bryndís Guðmundsdóttir var með Orð til umhugsunar og ræddi um átakið Nægjusamur nóvember sem nú er í gangi einmitt til þess að vekja fólk til umhugsunar um neysluvenjur sínar og hvetja það til aukinnar nægjusemi með sjálfbærni í huga. Mikilvægt sé að átta sig á gerfipörfum og forðast græðgi.

Þá tóku gestirnir til máls og fjölluðu um Íslensku menntaverðlaunin. Ingvar Sigurgeirsson prófessor og verkefnisstjóri verðlaunanna byrjaði á að kynna þau. Hann fór yfir markmið verðlaunanna sem eru að viðurkenna og heiðra framúrskarandi starf og nýsköpun á sviði menntamála. Verðlaunin eru veitt árlega til einstaklinga, hópa eða stofnana sem uppfylla þessi markmið. Hann lagði áherslu á það að verðlaunin hafi hvetjandi áhrif á skólastarf og stuðli að faglegri þróun innan íslenska menntakerfisins og sýndi glærur af verðlaunaverkefnum nokkurra skóla. Þá sagði Hanna Rún Eiríksdóttir, kennari við Klettaskóla og aðjúntkt við Háskóla Íslands frá verðlaununum sem hún fékk fyrir framúrskarandi kennslu nemenda með fötlun, meðal annars



fyrir að þróa nýjar leiðir til tjáskipta. Í samstarfi við ÖMÍ og fyrirtækið Tobii Dynavox lærði hún að kenna nemendum sínum að nota augnstýribúnað til samskipta með samskiptatöflum sem hún hannaði eða staðfærði. Síðan sagði Nanna Kristín Christiansen frá verðlaununum sem hún fékk fyrir framúrskarandi störf við þróun og innleiðingu leiðsagnarnáms sem kennsluaðferðar. Leiðsagnarmat er byggt á ítarlegum niðurstöðum úr rannsóknum á beitingu aðferðarinnar við breska skóla. Stuðst er við aðferðafræði Shirley Clarke.



Mjög góður rómur var gerður að erindunum og mörgum spurningum svarað. Að lokum hvatti Ingvar félagskonur til að horfa á afar vel unnin þátt RÚV um afhendingu Íslensku menntaverðlaunanna.

Réttir kvöldsins, fiskur eða grænmetisréttur voru bornir fram eftir fyrsta erindi.

Ásta Lárusdóttir, ritari Eta deildar.



## Kappa

Ný stjórn hóf starfsárið með fundi í byrjun september þar sem markmið næstu tveggja ára voru sett og drög að dagskrá vetrarins undirbúin. Í stjórn næstu tvö árin sitja:

Linda Hrönn Helgadóttir, formaður

Sigrún Kristín Magnúsdóttir,  
varaformaður

Herdís Anna Friðfinnsdóttir, gjaldkeri

Svanhildur Svavarsdóttir, ritari.

Áherslur næstu tveggja starfsára eru:


Lyftum því sem vel er gert - beitum áhrifum okkar og aukum sýnileikann

Starfsáætlun var kynnt á fyrsta fundi sem haldinn var heima hjá Herdís Önnu Friðfinnsdóttur, gjaldkera að Þrastarhöfða 24 í Mosfellsbæ. Veitingar og skipulag fundar voru í höndum stjórnar.

Farið var yfir fundartíma og nefndir vetrarins og þær lagðar upp til samþykktar.

Sjö fundir eru ráðgerðir í vetur auk þess sem stefnt er að því að fjölmenna á vorþing og afmælishátíð samtakanna í maí. Fyrirkomulag funda verður eins og undanfarin ár, Kappakönur er skipt í 4-5 manna nefndir sem hver um sig skipuleggur einn fund á starfsárinu. Áhersla er lögð á að efla tengsl félagskvenna, njóta fjölbreyttra og fræðandi erinda og fá innsýn í líf og reynslu hver annarrar í gegn um „Orð til umhugsunar“. Auk þess var mælt til þess að fyrirkomulag funda gæfi kost á

að sitja u.þ.b. hálf tíma lengur yfir kaffibolla eftir að formlegri dagskrá lýkur og slökkt hefur verið á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.



Formaður fór yfir helstu upplýsingar sem fram komu á fundi framkvæmdaráðs í haust og kynnti tillögur að því sem gert verður í tilefni afmælisárs samtakanna.

Síðasta mál á dagskrá voru „Orð til umhugsunar“. Á þessum fyrsta fundi var ákveðið að fá örstutt innlegg frá öllum fundarkönur. Óskað var eftir því í fundarboði að umræðuefnið yrði; „Fyrir hverju brenn ég í vetur? Hvað ætla ég að gera til að næra andann?“

Kappakonur sögðu frá því sem þær sjá fyrir sér að muni næra þær hvað mest á komandi vetri og því næst var slökkt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi og fundi slitið eftir mjög nærandi og góða samveru.



Annar fundur starfsársins var haldinn á veitingahúsinu Pottinum og pönnunni, að Brautarholti 22 í Reykjavík.

Aðal erindi fundarins var í höndum Fríðu B. Jónsdóttur, sérfræðings í mennta- og barnamálaráðuneytinu og félaga í Gammadeild. Hún sagði okkur frá verkefninu MEMM, menntun, móttaka og menning, sem ætlað er að stuðla að inngildingu og virkri þátttöku barna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Erindið var einstaklega vandað og áhugavert og vakti miklar umræður félagskvenna.



Orð til umhugsunar voru í höndum Marsibilar Ólafsdóttur sem sagði af einstakri hlýju og næmni frá lífinu eftir svíplegt fráfall maka. Hvernig félagsskapur með góðu fólki, golfiðkun og það að efla sál og líkama með því að halda alltaf áfram að læra og njóta lífsins gefur lífinu lit, gleði og von.

Framundan er jólafundur Kappadeildar, sem haldinn verður miðvikudaginn 4. desember í heimahúsi. Við hlökkum til að njóta góðra veitinga saman, hlýða á upplestur Elísabetar Jökulsdóttur og eiga notalega samveru í upphafi aðventu.





## Lambda

Aðalfundur Lambdadeildar var haldinn á vordögum 26. maí. Á fundinum, sem var haldinn í leikskólanum Hlíðarbergi í Hafnarfirði var tillaga að nýrri stjórn samþykkt en í henni eiga sæti, Björg Melsted formaður og vefritari, Sigríður Ólafsdóttir varaformaður, Alla Dóra Smith ritari, Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir gjaldkeri og Ólafía Guðmundsdóttir meðstjórnandi. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum héldu félagskonur saman á Krydd veitingahús í Hafnarfirði til að snæða saman og fagna góðu starfsári.



*Björg Melsted formaður og Sigríður K. Kristjánsdóttir fráfarandi formaður*

Ný stjórn kom saman í júní til að stilla saman strengi og fara yfir ýmis praktísk mál, líkt og gjaldkeraskipti og ræða áherslur fyrir komandi starfsár. Rætt var um að halda áfram að fjölga í

deildinni og efla félagskonur til að vera virkir þátttakendur í deildarstarfinu. Reynt verður að hafa fundi ekki á sama vikudegi til að sem flestar konur hafi tækifæri til að sækja fundi. Starfið í Lambdadeild fer vel af stað og á haustmánuðum hafa verið tveir fundir. Á fyrsta fundi sem haldinn var í Melaskóla 23. september var rætt um inntak funda á nýju starfsári ásamt hugmyndum um samstarf við aðrar deildir. Gerður Magnúsdóttir var með orð til umhugsunar þar sem hún las upp úr og hagleiddi inntak sögulegrar skáldsögu Kristínar Ómarsdóttur *Móðurást: Draumaping*.



Björg formaður og Jóhanna gjaldkeri fóru yfir heimasíður samtakanna, félagskonur voru hvattar til að kynna sér vel allt það efni sem þar er að finna. Rætt var um 50 ára afmæli samtakanna 2025 og hugmyndir að samfélagsverkefni sem konur í Lambdadeild gætu unnið að, einnig voru konur minntar á að taka frá dagana 10.-11. maí fyrir landsambandsþingið í vor. Ákveðið var að fundir verði með svipuðu sniði og verið hefur ásamt því að hafa tvo



veglegri fundi á árinu þar sem félagskonur borða saman kvöldverð. Niðurstaða fundarins var að þema starfsársins verði: Fjölbreytileikinn í samfélaginu og læsi í víðum skilningi. Næsti fundur fór fram hjá *Miðju máls og læsis* sem er til húsa í Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í Kópavogi. Þar tóku á móti okkur þær Þóra Sæunn Úlfadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi vegna málþroska og læsis og Oksana Shabatura, úkraínskumælandi brúarsmiður.



Þær Þóra Sæunn og Oksana, sem einnig eru DKG systur í Þetadeild, fræddu okkur um markmið og hlutverk Miðju máls og læsis sem býður m.a. öllum leik- og grunnskólum og frístundamiðstöðum upp á sérsniðna fræðslu og ráðgjöf um mál og læsi. Oksana sagði frá mikilvægu starfi brúarsmiða en markmið þeirra er að byggja brú á milli fjöltyngdra barna og foreldra þeirra, sem og starfsmanna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Það var einstaklega áhugavert og gaman að

heyra af því frjóa starfi sem fer fram undir hatti Miðju máls og læsis. Miklar og góðar umræður mynduðust í kjölfar kynningarinnar og við þökkum þeim Þóru Sæunni og Oksönu fyrir fróðlega kynningu og einstaklega góðar móttökur. Birna Sigurjónsdóttir lauk fundi með því að vera með orð til umhugsunar, þar sem hún sagði frá því mikilvæga hlutverki að lesa með barnabörnunum ásamt hugleiðingum um áhugahvöt í lestrarnáminu.



Næst á dagskrá er jólafundur þar sem við fáum rithöfund til að kynna og lesa upp úr nýrri bók sinni. Formaður býður heim til sín og konur eiga jólalega stund í aðdraganda aðventunnar. Eftir áramót stefnum við á að halda fjóra fundi, þar sem boðið verður upp á fjölbreytta fræðslu og gleðistundir, ásamt því að huga að samfélagsverkefni sem Lambdadeild hyggst vinna að á sínu svæði. Framundan eru því margt skemmtilegt sem vert er að hlakka til og ekki síst erum við spenntar fyrir landsambandsþinginu og afmælisári samtakanna á Íslandi.



## Mý


Starfsemi Mýdeildar hófst með stjórnarfund 27. ágúst heima hjá Magneu formanni deildarinnar. Á fundinum var farið yfir dagsetningar allra funda í vetur og lögð drög að þema vetrarins, en stjórnin lagði til að hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Skipulag funda og tillaga um þema vetrarins var síðan send á félagskonur deildarinnar. Fyrsti fundur deildarinnar var haldinn þann 4. september og fór hann fram heima hjá Magneu formanni og var fundurinn í umsjón stjórnar. Dýrindis súpa, súrdeigsbrauð og marengs. Formaður fór yfir ýmsar tilkynningar varðandi starfsemina en að því loknu fór Jóhanna Dögg með orð til umhugsunar. Hún fjallaði um stríðshrjáð svæði Palestínu og hugsanlega ályktun frá DKG á Íslandi um að fordæma árásir á menntastofnanir, dráp á kennurum og nemendum á stríðshrjáðum svæðum víðsvegar um heiminn. Næst á dagskrá var hópavinna í þeim tilgangi að skoða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og skrá niður hugmyndir varðandi fræðslu eða annað fyrir fundi vetrarins. Þær konur sem sjá saman um fundi í vetur voru settar saman í hóp og komu margar góðar hugmyndir fram. Það er líklega sama hvað konum dettur til hugar að taka fyrir, það ætti alltaf að vera hægt að tengja það einhverju heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna á einn eða annan hátt.

Mjög góð vitundarvakning. Upp kom sú hugmynd að búa til viðburð sem væri okkar útgáfa af friðarsúlu Yoko Ono í Viðey. Ákveðið var að fela hugmyndasmiðnum Ásdísi Arnardóttur ásamt þremur öðrum konum í deildinni að útfæra hugmyndina nánar. Ákveðið var að fara út í Hrísey og vera þar með friðarstund til að breiða út hlýju og kærleika og tengja dagsetninguna alþjóðadegi kennara. Sunnudaginn 6. október fór viðburðurinn fram í Hrísey og bar hann yfirheitið Friður til framtíðar. Samverustundin var utandyra í dásamlegu veðri, falleg og kærleiksrík. Eftir góðan göngutúr í fallegri náttúru með frið og þakklæti í huga fór Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir með afar falleg orð til umhugsunar um kærleikann. Að því loknu söng Margrét Árnadóttir Á vegi eftir Daníel Þorsteinsson við texta Hjörleifs Hjartarsonar sem bræddi hjörtu viðstaddra. Því næst sameinuðust viðstaddir, um 45 manns, í bæn um frið á jörð og sendu strauma sína út í kosmósið. Að endingu söng hópurinn saman lagið Ein bisschen Frieden við íslenskan texta Jónbjargar Sesselju Eyjólfsdóttur sem heitir Ákall. Hrísey býr yfir einhverri töfrandi orku og voru þátttakendur sannfærðir um að tekist hafi að búa til friðarsúlu úr þeirri orku sem bæði fólkið og staðurinn gaf frá sér.



Annar fundur deildarinnar fór fram í Síðuskóla þann 29. október. Nokkrar félagskonur úr deildinni sáu um að skipuleggja fundinn. Eftir hefðbundið upphaf, þ.e. þegar búið var að kveikja á kertum, fór formaðurinn yfir nokkrar tilkynningar en síðan fór fram inntaka nýrra félaga. Guðný Sigríður Ólafsdóttir fór með orð til umhugsunar og gerði líf sitt að umræðuefni, þ.e.a.s. hún fór yfir lífshlaup sitt í grófum dráttum. Hún stendur á tímamótum þar sem hún er að hætta að kenna í grunnskóla Dalvíkurbyggðar en er með ótal spennandi verkefni í bakpokanum og áhugamál sem hún hlakkar til að ganga í. Guðný missti frekar ung móður sína sem stakk upp á því við

hana að hún yrði kennari. Guðný er einnig leiðsögumaður og nýtur þess að vera úti í náttúrunni og sagði að það væri mikilvægt í lífinu að kunna að njóta. Að lokum fengum við mjög greinargóða og afar áhugaverða kynningu á Réttindaskólum Unicef. Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir verkefnastjóri ÍSAT í Síðuskóla sagði okkur frá innleiðingarferlinu þeirra og Bryndís Björnsdóttir skólastjóri Naustaskóla sagði okkur frá stöðunni eftir innleiðingu hjá þeim. Verkefnið er víðfeðmt og allskyns áskoranir sem fylgja verkefni af þessari stærðargráðu þó að sigrarnir standi eflaust alltaf upp úr. Það var mjög fróðlegt fyrir konur deildarinnar að hlusta á þessar frásagnir.



Framundan er sameiginlegur jólafundur Beta-, Mý-, og Nýdeilda. Dagskráin er spennandi og í sannkölluðum jólaanda. Mikil tilhlökkum ríkir hjá félagskonum um að eiga góða og kærleiksríka stund saman

## Ný

Þegar þetta er skrifað hafa tveir fundir verið haldnir þetta misserið í Ný deild. Fyrsti fundur haustsins var með öðru móti en við höfum vanist þar sem formaður ákvað að bjóða heim, og var þetta í fyrsta skipti sem fundur í Ný deild er haldinn í heimahúsi. Góð mæting var á fundinn og skapaðist einstaklega notaleg og góð stemming meðal systra. Sátu margar lengur að spjalli eftir að formlegum fundi lauk þó að um langan veg væri að fara fyrir margar.



Á fundinum voru færðar fréttir af fundi formanna með landssambandsstjórninni og sérstaklega rætt hvað við í Ný deild gætum gert í tilefni afmælis samtakanna. Ekki er komin lokaniðurstaða en opinn fundur um breytingaskeiðið var ofarlega á lista yfir samfélagsverkefni sem deildin gæti staðið fyrir. Á fundinum voru einnig lagðar línur fyrir vetrarstarfið og tíma- og staðsetningar funda þetta starfsárið kynntar fyrir systur. Upptökusvæði Ný deildar er víðfemt og því mikilvægt að það liggi fyrir með góðum fyrirvara

ekki eingöngu hvenær fundir eru haldnir heldur einnig hvar.

Næsti fundur var haldinn á Blönduósi þar sem fundurinn byrjaði yfir kvöld mat á veitingastaðnum Teni og formleg fundardagskrá var áður en haldið var yfir í Textíl-labið. Þar tók framkvæmdastjórinn, Elsa Arnardóttir, á móti okkur auk listakonu sem þá var stödd í Textíl-labinu frá Síberíu. Þær fræddu okkur bæði um söguna að baki Textíl-labinu sem og um það starf sem þar fer fram. Vettvangsferðin var bæði áhugaverð, fræðandi og skemmtileg. Þar sáum við ýmis textíllistaverk sem unnin hafa verið á staðnum, var sýnt hvernig hinar ýmsu vélar virka og sagt frá helstu verkefnum sem Textíl-labið er að vinna að.



Nú líður að næstu fundum deildarinnar. Fyrstur er það sameiginlegur jólafundur 28. nóvember með systur okkar úr Beta- og Mý-deildum, sem haldinn verður á Akureyri. Þessi háttur hefur verið hafður á nokkrum sinnum áður frá stofnun Ný-deildar og hafa deildirnar ætíð átt hátíðlega og



skemmtilega stund saman í  
höfuðstaðnum. Þar sem ferðalagið er  
þó ansi langt fyrir sumar systur úr  
deildinni var ákveðið að halda annan  
hátíðarfund í desember þar sem við  
munum hittast á okkar eigin svæði og  
vonandi að sem flestar sjái sér fært að  
mæta og eiga góða jólastund saman.

*Guðbjörg Einarsdóttir, formaður Ný-  
deildar*





## Frá námsstyrkjanefnd 2023-2025

Við minnum góðfúslega á námsstyrki sem eru í boði hjá DKG. Eitt af markmiðum samtakanna er:

*Að veita konum sem skara fram úr í menntamálum styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.*

Á heimasíðu DKG er að finna heilmikið efni um íslenska námsstyrkjasjóðinn sem og þá fjölbreyttu styrki sem alþjóðasamtökin úthluta reglulega.

Íslenski námsstyrkjasjóðurinn auglýsir nú eftir umsækjendum en honum er sérstaklega ætlað að styrkja félagskonur sem vinna að lokaverkefnum í meistara- eða doktorsnámi.

Styrkurinn verður veittur á landssambandsþinginu í vor. Umsóknarfrestur er til og með 1. mars.

Við hvetjum allar konur sem þetta á við að sækja um og ekki síður að við sameinumst um að hvetja þær félagskonur sem eiga möguleika á styrk að sækja um í sjóðinn.

Hljýjar kveðjur til allra félagskvenna,

AlmaDís & Hildur, námsstyrkjanefnd 2023-2025

[almadis.kristinsdottir@lej.is](mailto:almadis.kristinsdottir@lej.is)

[hildur@ma.is](mailto:hildur@ma.is)





## Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.



*Stefnuyfirlýsing Delta  
Kappa Gamma:*

*Alþjóðasamtökin Delta  
Kappa Gamma stuðla að  
auknum fræðilegum og  
persónulegum þroska  
kvenna í fræðslustörfum og  
gæðum í menntun og  
uppeldisstörfum.*



**DKG**  
INTERNATIONAL SOCIETY  
FOR KEY WOMEN EDUCATORS